

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2022, mánudaginn 20. júní var haldinn 75. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í borgarráðsherbergi og hófst hann kl. 13:30. Viðstöðð voru: Skúli Helgason formaður, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir varamaður fyrir Björn Gíslason, Kristinn Jón Ólafsson, Pawel Bartoszek, Stefán Pálsson. Anna Eyjólfsdóttir varamaður BÍL. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Huld Ingimarsdóttir starfandi sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs, Signý Leifsdóttir verkefnisstjóri hjá menningar- og ferðamálasviði og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra ÍTR sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 8. júní 2022 vegna kjörs borgarstjórnar í menningar-, íþróttá- og tómsundaráð. MSS22060045
2. Samþykkt að fundartími ráðsins verði 2. og 4. mánudag í mánuði kl. 13:30. MSS22060045
3. Fram fer kynning á skýrslu Barnamenningarhátíðar dags í apríl 2022. MOF22060005 Harpa Rut Hilmarsdóttir verkefnastjóri barnamenningar og Björg Jónsdóttir verkefnastjóri viðburða sátu fundinn undir þessum lið.
4. Fram fer kynning á skýrslu starfsáætlunar menningar- og ferðamálasviðs 2022. MOF22050013
5. Lagt fram trúnaðarmerkt ársfjórðungsuppgjör menningar- og ferðamálasviðs frá janúar til mars 2022. MOF22060007
6. Lagt fram bréf frá formanni Tónskáldafélags Íslands dags. 13. júní 2022 vegna stuðnings Reykjavíkurborgar við Myrka músíkdaga. MOF22060008 Sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs falið að hefja samtál við Tónskáldafélag Íslands koma með tillögu í haust.
 - Kl. 14:28 víkja Huld Ingimarsdóttir og Anna Eyjólfsdóttir af fundi.
 - Kl. 14:29 taka sæti á fundinum Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri hjá ÍTR og Frímánn Ari Ferdinandsson varaáheyrnarfulltrúi ÍBR.
7. Lagt fram bréf sviðsstjóra ÍTR dags. 8. júní 2022 vegna samnings við Íþróttafélag Reykjavíkur um rekstur íþróttamannvirkja í S-Mjódd. ITR22030008 Samþykkt og vísað til meðferðar borgarráðs.
8. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra ÍBR og sviðsstjóra ÍTR dags. 14. júní 2022 vegna íþróttastarfs í Breiðholti. ITR22020017 Samþykkt sú tilhögun sem fram kemur í minnisblaðinu.
9. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 12. maí 2022 vegna tillögu íbúaráðs Grafarvogs um frístundaakstur. MSS22050100 Erindinu er vísað til meðferðar sviðsstjóra.
10. Lagt fram bréf Glímufélagsins Ármanns dags. 10. maí 2022 vegna málefna lyftingadeildar Ármanns. ITR22060005

11. Lagt fram bréf Oslóborgar dags. 10. maí 2022 með boð á norræna höfuðborgarráðstefnu í íþróttum í Osló 17.-19. ágúst 2022. ITR22050010
Samþykkt að senda fulltrúa frá minnihluta og meirihluta ásamt embættismönnun á ráðstefnuna.
12. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 24. maí 2022 vegna bréfs ÍBR til borgarráðs vegna frjálsíþróttahallar. MSS22050110

Fundi slitið kl. 15:30.

Skúli Helgason

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Marta Guðjónsdóttir
Pawel Bartoszek

Kjartan Magnússon
Kristinn Jón Ólafsson
Stefán Pálsson